

## Fréttapistill 5 ára deildar - seinni hluti haustannar 2012

---

Þá er nýtt ár gengið í garð og munum við í 5 ára bekk halda áfram að takast á við ýmis skemmtileg verkefni um leið og við lærum eitthvað nýtt og skemmtilegt.

En áður en við höldum á vit nýrra ævintýra er ekki úr vegi að rifja aðeins upp hvað við gerðum saman í nóvember og desember 2012.

Spjaldtölvurnar voru nýttar vel og var ákveðið í nóvember að hafa þær einnig í vali barnanna. Það vakti mikla lukku og munum við halda því áfram á nýju ári.

Farið var í stærðfræðistofuna þar sem krakkarnir meðal annars spiluðu, tefldu, keyptu í búðinni með peningum og byggðu úr ýmsum efnivið. Þá var myndmenntastofan einnig heimsótt og penslar og máling dregin fram.

Dagur gegn einelti var í nóvember og bjuggu krakkarnir í 5 ára bekk saman til flott veggspjald eftir nokkrar umræður og var það síðan hengt upp fyrir utan stofuna.

Veturinn lét einnig sjá sig og flugu litlir rassar á feikna hraða niður brekkurnar á rassapotum. Það gat þó stundum verið varasamt þar sem snjórinn var fljótur að breytast í svell... en það var þó um leið mjög spennandi.

29. nóvember var svo höfuðfatadagur í skólanum og krakkarnir tóku sig vel út með ýmis konar höfuðföt. Eftir hádegismat sama dag hittust svo allir í Flataskóla í hátíðarsalnum og dönsuðu saman við hið vinsæla lag Gangnamstyle ☺

Jólafondrið fór af stað í lok nóvember og var ríkjandi í skólasterfinu fram að jólafríi. Jóladaatalið okkar fór einnig upp á vegg og eftir því sem dagarnir liðu varð það litríkara og fallegra en krakkarnir skreyttu eina jólakúlu á dag sem sett var á það.

Í lok nóvember og byrjun desember fórum við öll saman í heimilisfræðistofuna og bökuðum piparkökur og súkkulaðibitakökur. Þetta voru ótrúlega skemmtilegir tímar og stóðu krakkarnir sig vel í bakstrinum... svo fengu auðvitað allir að smakka á kökunum og ekkert smá sem þær þóttu góðar ☺

Í desember var svo farið í heimsókn í Vídalínskirkju. Þar var vel tekið á móti okkur og fengu börnin fræðslu um helgileikinn og sungu jólalög.

Þá var okkur boðið í afmælisveislu hjá Íslandsbanka. Þar var einnig vel tekið á móti okkur og var okkur boðið upp á hinar ýmsu kræsingar áður en „Söngvaborg“ kom og flutti skemmtiatriði. Georg og jólasveinninn komu líka og voru þeir ekki síður skemmtilegir. Eftir skemmtilega heimsókn fengu allir að gjöf nestisbox, endurskinsmerki og spil.

Við notuðum einnig tvo miðvikudaga til að fönndra með krökkunum í 1. bekk ásamt því að börnin voru saman í vali.

Þá var foreldrakaffi hjá okkur 14. desember sem tókst alveg ótrúlega vel. Foreldrar fóru með í morgunsamveruna í hátíðarsalnum og þennan dag vorum við svo heppin að fá hljómsveitina Diktu í heimsókn og var því mikið fjör. Eftir skemmtilega morgunsamveru trítluðu svo allir í stofuna hjá 5 ára bekk þar sem boðið var upp á piparkökur, súkkulaðibitakökur og kakó.

## Fréttapistill 5 ára deildar - seinni hluti haustannar 2012

---

Desember endaði svo á skemmtilegu jólaballi þar sem allir dönsuðu í kringum jólatréið og litlu jólnum þar sem við gæddum okkur á gómsætum kökum og góðum drykkjum ☺